

Lífeyrissjóður starfsmanna  
Akureyrarbæjar

---

Ársreikningur 2017

Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar  
Strandgötu 3  
600 Akureyri  
kt. 510169-3799

---

	bls.
Áritun óháðra endurskoðenda	2
Áritun tryggingastærðfræðings	4
Skýrsla stjórnar	5
Yfirlit um breytingu á hreinni eign	7
Efnahagsreikningur	8
Yfirlit um sjóðstreymi	9
Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu	10
Skýringar	11
Stjórnarháttayfirlýsing	20
Viðauki 1	25

---

# Áritun óháðra endurskoðenda

---

## Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um tryggingafræðilega stöðu, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningur lífeyrissjóðsins gefi glögga mynd af afkomu lífeyrissjóðsins á árinu 2017, efnahag hans 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga, reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og settar reikningskilareglur.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Lífeyrissjóði starfsmanna Akureyrarbæjar í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vísu er mikil vísu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

# Áritun óháðra endurskoðenda

---

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Akureyri, 27. mars 2018

## Enor ehf.

Davíð Búi Halldórsson  
löggiltur endurskoðandi

Niels Guðmundsson  
löggiltur endurskoðandi

# Áritun tryggingastærðfræðings

---

## Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar

Undirritaður hefur metið lífeyrisskuldbindingar Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar í árslok 2017. Matið er framkvæmt í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 391/1998 um tryggingafræðilegar athuganir á lífeyrissjóðum og forsendur fyrir þeim. Meðal annars er miðað við lífslíkur árána 2010-2014 og 2,0% vexti p.a. umfram laun og 80% af meðaltals örorkulíkum íslenskra lífeyrissjóða miðað við reynslu árána 1998-2002.

Yfirlit yfir helstu niðurstöður matsins er að finna í yfirliti um tryggingafræðilega stöðu sem og í skýringu nr. 13.

Skuldbindingar sjóðsins eru reiknaðar á grundvelli upplýsinga úr iðgjalda- og lífeyrisbókhalda sjóðsins um áunnin réttindi virkra og óvirkra sjóðfélaga skipt eftir aldri þeirra og lífeyrisgreiðslur til einstakra sjóðfélaga í árslok 2017. Miðað er við réttindaákvæði í samþykktum sjóðsins.

Í matinu eru reiknaðar út áfallnar skuldbindingar vegna þeirra sjóðfélaga sem þegar eiga réttindi í sjóðnum og áætlaðar framtíðarskuldbindingar vegna þeirra iðgjalda sem ætla má að virkir sjóðfélagar greiði til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Þessi áætluðu framtíðariðgjöld svo og áætlaður rekstarkostnaður og fjármagnsgjöld í framtíðinni eru núvirt miðað við árslok 2017. Þá er í matinu tekið tillit til endurmats á skuldabréfaeign sjóðsins, en hún hefur verið núvirt miðað við sömu ávöxtunarkröfu og skuldbindingarnar eða 2,0% ársvexti umfram breytingar launa.

Niðurstaða mín er sú að nokkuð skorti á að Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar geti staðið við þessar skuldbindingar, bæði þær sem þegar eru áfallnar og þær sem til stofnast í framtíðinni, miðað við viðurkenndar forsendur um tryggingafræðilegar athuganir á fjárhagsstöðu lífeyrissjóða ef eingöngu er litið til eigna sjóðsins og verðmætis iðgjalda. Launagreiðendum ber að auki skylda til að endurgreiða sjóðnum hluta af lífeyrisgreiðslum og að teknu tilliti til þeirra greiðslna má ætla að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er neikvæð um 39,2% sem hlutfall af skuldbindingum.

Reykjavík, 27. mars 2018

Bjarni Guðmundsson  
tryggingastærðfræðingur

# Skýrsla stjórnar

---

Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar starfar á grundvelli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og hefur starfsleyfi frá Fjármálaráðuneytinu í samræmi við 52. gr. þeirra laga. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir sjóðsins. Sjóðnum var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum þann 1. janúar 1999 og starfar á óbreyttum iðgjalda- og réttindagrundvelli í samræmi við 52. gr. laga nr. 129/1997. Sjóðurinn skiptist í tvær réttindadeildir, A-deild og B-deild. Deildirnar hafa sameiginlegan fjárhag í samræmi við samþykktir sjóðsins.

## Sjóðfélagar og iðgjöld

Alls greiddu 90 sjóðfélagar hjá 7 launagreiðendum iðgjöld til sjóðsins árinu og fækkaði greiðandi sjóðfélögum um 10 frá fyrra ári. Iðgjöld námu samtals 96 milljón króna og hækkuðu um 87% frá fyrra ári. Virkir sjóðfélagar, þ.e. sjóðfélagar sem að jafnaði greiða iðgjöld til sjóðsins með reglubundnum hætti í mánuði hverjum voru 87.

Þann 26. október 2017 var undirritaður samningur milli ríkissjóðs og Akureyrarkaupstaðar um uppgjör lífeyrisskuldbindinga í Lífeyrissjóð starfsmanna Akureyrarbæjar vegna Öldrunarheimila Akureyrarbæjar. Samningurinn felur m.a. í sér að ríkissjóður greiddi upp 97% og Akureyrarkaupstaður 3% af áföllnum lífeyrisskuldbindingum Öldrunarheimila í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar m.v. 31. maí 2017. Framangreindar greiðslur, sem færðar eru sem sérstök aukaframlög í reikningum sjóðsins námu samtals 1.351 milljón og voru greiddar til sjóðsins í desember. Samtals námu viðbótarframlög launagreiðenda, sem eru færð sem sérstök aukaframlög, 1.633 milljónum króna samanborið við 282 milljónir á fyrra ári. Skv. framangreindum samningi greiðir ríkissjóður einnig ðgjald umfram lögbundið iðgjald til þess að mæta framtíðarskuldbindingum vegna starfsmanna sinna sem eiga aðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar.

## Lífeyrisgreiðslur

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu um 751 milljónum króna og hækkuðu um 10,1% frá fyrra ári og var fjöldi lífeyrisþega að meðaltali 553 á árinu 2017.

## Ávöxtun og eignir

Nafnávöxtun sjóðsins á árinu var 5,2% og hrein raunávöxtun 3,4% samanborið við 4,4% nafnávöxtun og 2,3% raunávöxtun á árinu 2016.

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam 11.980 milljónum króna og hækkaði um 14,8% frá fyrra ári.

## Tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg úttekt hefur verið framkvæmd á stöðu sjóðsins miðað við árslok 2017. Samkvæmt matinu námu áfallnar skuldbindingar sjóðsins 18.085 milljónum króna og eignir til tryggingafræðilegs uppgjors 11.263 milljónum króna. Áfallnar skuldbindingar nema því 6.823 milljónum króna umfram eignir. Eignir sjóðsins duga því fyrir 62% af áföllnum skuldbindingum miðað við 2% ársvexti umfram launabreytingar. Heildarskuldbindingar sjóðsins, þegar tekið hefur verið tillit til þeirra iðgjalda sem sjóðfélagar greiða í framtíðinni og þeirra eigna og réttinda sem þær iðgjaldagreiðslur skapa, nema 7.473 milljónum króna hærrí fjárhæð en eignir eða sem nemur 39% af skuldbindingum. Tryggingafræðileg staða sjóðsins batnaði um 316 milljónir króna á árinu. Sjóðurinn er með ábyrgð Akureyrarbæjar og byggir ekki alfarið á sjóðsöfnun. Launagreiðendum ber skylda til að endurgreiða sjóðnum hluta af lífeyrisgreiðslum og að teknu tilliti til þeirra má ætla að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

## Þróun sjóðsins, stjórnarháttayfirlýsing ofl.

Stjórn sjóðsins reiknar með að rekstur sjóðsins verði með svipuðu sniði á næsta ári. Stjórn sjóðsins hefur samþykkt sérstaka yfirlýsingu um stjórnarhætti, sem birt er með ársreikningnum. Samkvæmt breytingum sem gerðar voru á lögum um ársreikninga í júní 2016 skulu einingar tengdar almannahagsmunum veita upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál, stefnu í mannréttindamálum, hvornig er spornað við spillingar-

og mútumálum auk stuttrar lýsingar á viðskiptalíkani félagsins og fleira. Gerð er grein fyrir stefnu og árangri félagsins í þessum málum í Viðauka I með ársreikningnum

# Skýrsla stjórnar

---

Sjóðurinn hefur ekki launaða starfsmenn en er með samning við Stapa lífeyrissjóð um rekstur.

Bæjarsjóður Akureyrar er ábyrgur fyrir skuldbindingum sjóðsins.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Akureyri, 27. mars 2018

**Í stjórn**

**Framkvæmdastjóri**

## Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2017

	Skýr.	2017	2016
<b>Iðgjöld</b>			
Iðgjöld sjóðfélaga .....		16.484	16.830
Iðgjöld launagreiðenda .....		79.324	35.509
Réttindaflutningur og endurgreiðslur .....		(233)	(1.227)
		<u>95.575</u>	<u>51.111</u>
Sérstök aukaframlög .....	3	<u>1.632.947</u>	<u>281.539</u>
		<u>1.728.522</u>	<u>332.651</u>
<b>Lífeyrir</b>			
Heildarfjárhæð lífeyris .....	4	751.222	682.096
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs .....		575	596
		<u>751.797</u>	<u>682.692</u>
<b>Hreinar fjárfestingartekjur</b>			
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum .....	5	62.628	41.102
Hreinar tekjur af skuldabréfum .....	6	539.172	426.009
Vaxtatekjur af handbæru fé .....		4.922	11.187
Ýmsar fjárfestingartekjur .....		994	0
Fjárfestingargjöld .....	7	(1.116)	(1.103)
		<u>606.599</u>	<u>477.195</u>
<b>Rekstrarkostnaður</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	8	35.618	30.490
		<u>35.618</u>	<u>30.490</u>
<b>Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris</b>		1.547.707	96.664
Hrein eign frá fyrra ári .....		<u>10.432.066</u>	<u>10.335.402</u>
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok</b>		<u>11.979.773</u>	<u>10.432.066</u>



## Efnahagsreikningur 31. desember 2017

Eignir	Skýr.	31.12.2017	31.12.2016
<b>Fjárfestingar</b>			
Eignarhlutir í félögum og sjóðum .....	9	3.442.151	2.791.365
Skuldabréf .....	10	8.025.332	7.383.083
		<u>11.467.484</u>	<u>10.174.448</u>
<b>Kröfur</b>			
Kröfur á launagreiðendur .....		<u>59.424</u>	<u>68.024</u>
<b>Handbært fé .....</b>		<u>465.071</u>	<u>200.695</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>11.991.979</u></u>	<u><u>10.443.167</u></u>
<b>Skuldir</b>			
<b>Viðskiptaskuldir</b>			
Aðrar skuldir .....	14	<u>12.206</u>	<u>11.101</u>
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris</b>		<u><u>11.979.773</u></u>	<u><u>10.432.066</u></u>

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2017

	2017	2016
<b>Inngreiðslur</b>		
Iðgjöld .....	104.175	44.990
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum .....	4.922	11.187
Aðrar inngreiðslur .....	1.633.942	281.539
	<u>1.743.039</u>	<u>337.716</u>
<b>Útgreiðslur</b>		
Lífeyrir .....	751.222	682.096
Rekstrarkostnaður .....	36.203	31.742
	<u>787.426</u>	<u>713.838</u>
<b>Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga .....</b>	955.613	(376.123)
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>		
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum .....	30.309	41.802
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum .....	(2.033.227)	(1.349.061)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum .....	1.414.759	1.161.333
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa .....	622.495	572.924
Keypt skuldabréf .....	(2.015.510)	(387.369)
Seld skuldabréf .....	1.289.938	208.556
	<u>(691.236)</u>	<u>248.183</u>
<b>(Lækkun) hækkun á handbæru fé .....</b>	264.377	(127.940)
<b>Handbært fé í upphafi árs .....</b>	200.695	328.633
	<u>465.071</u>	<u>200.695</u>

## Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu 31. desember 2017

### Tryggingafræðileg staða 2017

Eignir	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	11.979.800		11.979.800
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa.....	-290.100		-290.100
Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa.....	-35.900		-35.900
Núvirði framtíðarfjárfestingarkostnaðar.....	-15.600		-15.600
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar.....	-375.400	-28.100	-403.500
Núvirði framtíðariðgjalda.....		366.500	366.500
Eignir samtals.....	<u>11.262.800</u>	<u>338.400</u>	<u>11.601.200</u>
<b>Skuldbindingar</b>			
Ellilífeyrir.....	14.633.100	826.700	15.459.800
Örorkulífeyrir.....	311.000	13.100	324.100
Makalífeyrir.....	3.140.200	147.900	3.288.100
Barnalífeyrir.....	1.000	900	1.900
Skuldbindingar samtals.....	<u>18.085.300</u>	<u>988.600</u>	<u>19.073.900</u>
<b>Eignir umfram skuldbindingar .....</b>	<b>(6.822.500)</b>	<b>(650.200)</b>	<b>(7.472.700)</b>
<b>Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok.....</b>	<b>-37,7%</b>	<b>-65,8%</b>	<b>-39,2%</b>
<b>Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun.....</b>	<b>-41,6%</b>	<b>-64,1%</b>	<b>-42,8%</b>

### Tryggingafræðileg staða 2016

Eignir	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	10.432.100		10.432.100
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa.....	15.411		15.411
Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa.....	(52.211)		(52.211)
Núvirði framtíðarfjárfestingarkostnaðar.....	(93.900)		(93.900)
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar.....	(263.900)	(14.600)	(278.500)
Núvirði framtíðariðgjalda.....		367.000	367.000
Eignir samtals.....	<u>10.037.500</u>	<u>352.400</u>	<u>10.389.900</u>
<b>Skuldbindingar</b>			
Ellilífeyrir.....	13.977.900	809.400	14.787.300
Örorkulífeyrir.....	364.600	41.200	405.800
Makalífeyrir.....	2.852.700	126.900	2.979.600
Barnalífeyrir.....	1.400	4.600	6.000
Skuldbindingar samtals.....	<u>17.196.600</u>	<u>982.100</u>	<u>18.178.700</u>
<b>Eignir umfram skuldbindingar .....</b>	<b>(7.159.100)</b>	<b>(629.700)</b>	<b>(7.788.800)</b>
<b>Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok.....</b>	<b>-41,6%</b>	<b>-64,1%</b>	<b>-42,8%</b>
<b>Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun.....</b>	<b>-37,0%</b>	<b>-64,5%</b>	<b>-38,7%</b>

## 1. Starfsemi

Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum í samþykktum sjóðsins. Aðild að sjóðnum eiga starfsmenn Akureyrarbæjar og stofnana hans sem ráðnir voru til starfa fyrir 1. janúar 1999 en sjóðnum var lokað fyrir nýjum starfsmönnum frá þeim tíma. Stapi lífeyrissjóður sér um rekstur sjóðsins í samræmi við samning milli sjóðanna þar um.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við lög um ársreikninga og lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015. Í einhverjum tilvikum hefur verið vikið frá framsetningarformi samkvæmt viðauka 1 í reglunum, þegar upphæðir undirliða teljast óverulegar og eru þá felldar inn í aðra undirliði. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sjóðsins.

### Gjaldmiðlar og vísitölur

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok. Gengi Seðlabanka Íslands greinist þannig:

	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
	2017	2016	31.12.2017	31.12.2016
Evra ( EUR ).....	120,54	133,59	124,70	118,80
Bandaríkjadalur ( USD ).....	106,78	120,67	104,17	112,55

### Fjárhæðir

Fjárhæðir í reikningunum eru sýndar í þúsundum króna.

### Áhættustjórnun

Lífeyrissjóðurinn hefur sett sér áhættustefnu, þar sem áhætta er skilgreind og helstu áhættuþáttum í starfsemi sjóðsins er lýst og hvernig stýringu á þeim er háttað. Sjóðurinn hefur ekki gert afleiðusamninga í þeim tilgangi að verja áhættu í starfsemi hans, hvorki fjárhagslega áhættu eða lýðfræðilega.

Áhættuvarnarreikningsskil eru ekki til staðar, og afleiðuviðskipti ekki viðhöfð og engir framvirkir gjaldeyrisrísktasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá sjóðnum.

### Gangvirðismat og annað verðmat

Þessi skýring veitir upplýsingar um hvernig sjóðurinn metur virði hinna ýmsu fjáreigna sinna.

Matsaðferðunum er skipt í 3 stig sem endurspeglar mikilvægi þeirra forsendna sem lagðar eru til grundvallar við ákvörðun gangvirðis fjármálagerna eða mats sem ekki byggir á gangvirði. Stigin eru eftirfarandi:

**Stig 1:** gangvirðismatið byggir á uppgöngu verði á virkum markaði.

**Stig 2:** gangvirðismatið byggir ekki á uppgöngu verði á virkum markaði (stig 1) heldur á upplýsingum sem eru sannreynanlegar fyrir eignina, annað hvort beint (t.d. nýlegt viðskiptaverð) eða óbeint (t.d. afleiddar af verðum fjármálagerna með sambærilegan líftíma á virkum markaði), eða öðrum mikilvægum markaðsupplýsingum s.s. gengi frá rekstraraðila sjóðs, innra virði félags eða verðmati viðurkennds matsaðila.

**Stig 3:** gangvirðismatið byggir á kostnaðarverði eða lægra verði hafi sjóðurinn upplýsingar sem benda til þess.

### Skráning iðgjalda

Iðgjöld eru tekjufærð eftir skilgreinum sem berast sjóðnum. Iðgjöld eru flokkuð eftir því hvort þau eru greidd af sjóðfélögum sjálfum eða eru mótframlag launagreiðanda.

Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði er greitt til jöfnunar á örorkubyrði á milli lífeyrissjóða og færast meðal iðgjalda.

### Lífeyrir

Undir lífeyri falla greiðslur sjóðsins til sjóðfélaga og skiptast þær í eftirlaun, makalífeyri, örorkulífeyri og barnalífeyri. Annar kostnaður sem færður er með lífeyriskostnaði er framlag í Virk starfsendurhæfingarsjóð og beinn kostnaður sem fellur til vegna örorkulífeyrisúrskurða.

### Fjárfestingar

Fjárfestingar sjóðsins skiptast í eignarluta í félögum og sjóðum, skuldabréf og bundnar bankainnstæður. Skilgreiningar á framangreindri flokkun ásamt matsaðferðum sem beitt er við hvern lið fjárfestinga eru eftirfarandi:

Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf, hlutdeildarskirteini og önnur slík verðbréf og eru þau metin á gangvirði.

Skuldabréf eru framseljanleg skuldabréf og önnur skuldabréf sem gefin eru út af lánastofnunum, opinberum aðilum eða öðrum félögum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Skuldabréf eru færð á gangvirði í árslok nema ef um er að ræða skuldabréf sem haldið er til gjalddaga s.s. skuldabréf vegna uppgjörs launagreiðanda á skuldbindingum við sjóðinn og útlán til sjóðfélaga, slík skuldabréf eru færð á upphaflegri kaupkröfu í efnahagsreikningi.

Bundnar bankainnstæður eru innlán í bönkum og sparisjóðum sem bundin eru til lengri tíma en 3 mánaða.

## Skýringar

### 3. Sérstök aukaframlög

	2017	2016
Viðbótarframlög launagreiðenda.....	1.629.536	278.323
Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði.....	3.412	3.216
	<u>1.632.947</u>	<u>281.539</u>

### 4. Heildarfjárhæð lífeyris

	2017	2016
Eftirlaun.....	618.198	560.729
Örorkulífeyrir.....	26.860	27.369
Makalífeyrir.....	105.685	93.649
Barnalífeyrir.....	480	349
	<u>751.222</u>	<u>682.096</u>

### 5. Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum

	2017	2016
Arðgreiðslur .....	30.309	41.802
Hagnaður af sölu eignarhluta .....	254.398	25.226
Breytingar á gangvirkni .....	(222.080)	(25.925)
	<u>62.628</u>	<u>41.102</u>

Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum sundurliðast þannig niður á fjárfestingar:

	2017	2016
Alda hlutabréf .....	(8.464)	(4.005)
Alþjóðlegur hlutabréfasjóður .....	0	(15.462)
EIK fasteignafélag hf. ....	(1.244)	17.795
Eimskipafélag Íslands hf. ....	(19.430)	28.853
Fjarskipti hf. ....	7.411	774
Gamli Byr ehf. ....	(10)	0
Gamma Equity Fund .....	(22.740)	12.566
Gamma Iceland Fixed Income Fund .....	29.902	16.366
Gamma Liquid Fund IS0000 .....	996	0
Hagar hf. ....	(33.918)	21.558
HB Grandi hf. ....	20.300	(32.747)
Icelandair Group hf. ....	(65.164)	(98.345)
Íslensk verðbréf hf. ....	6.993	4.695
Íslensk verðbréf - Hlutabréfavísitölusjóður .....	(33.956)	0
iShares MSCI ACWI UCITS ETF .....	(7.536)	0
Júpíter - Innlend hlutabréf .....	(1.840)	2.438
Júpíter-Lausafjár sjóður .....	1.256	0
Landsbréf - Veðskuldabréfasjóður .....	1.494	0
Landsbréf - Veltubréf .....	1.989	6.804
Marel hf. ....	140.156	(17.403)
MF1 slhf. ....	4.775	1.399
N1 hf. ....	(4.889)	27.872
Peningamarkaðssjóður ÍV .....	0	(95)
Reginn hf. ....	(1.364)	17.226
Reitir fasteignafélag hf. ....	(7.080)	12.059
Síminn hf. ....	14.902	(5.958)
Sjóvá-Almennar tryggingar hf. ....	8.000	6.162
Skammtímasjóður ÍV .....	7.054	14.682
Stefnir - Lausafjár sjóður .....	1.447	11.016
Tryggingamiðstöðin hf. ....	8.011	6.605
Vátryggingafélag Íslands hf. ....	11.112	2.654
Veðskuldabréfasjóður ÍV .....	4.464	3.592
	<u>62.628</u>	<u>41.102</u>

## Skýringar

### 6. Hreinar tekjur af skuldabréfum

Tekjur flokkaðar eftir verðmatsaðferðum:	2017	2016
Skuldabréf á gangvirði - stig 1 .....	266.303	130.166
Skuldabréf á metnu gangvirði - stig 2 .....	35.512	36.301
Skuldabréf á metnu gangvirði - stig 3 .....	9.818	1.512
Skuldabréf haldið til gjalddaga .....	227.539	258.030
	<u>539.172</u>	<u>426.010</u>

Hreinar tekjur greinast þannig eftir skuldabréfaflokkum á árinu 2017:

	Gangvirði	Kostnaðarvirði	Samtals
Skuldabréf með ríkisábyrgð .....	200.296	123.826	324.122
Skuldabréf sveitarfélaga .....	69.446	0	69.446
Skuldabréf lánastofnana .....	32.074	0	32.074
Skuldabréf fyrirtækja .....	0	112.234	112.234
Veðlán sjóðfélaga .....	0	1.297	1.297
	<u>301.815</u>	<u>237.357</u>	<u>539.172</u>

Hreinar tekjur greinast þannig eftir skuldabréfaflokkum á árinu 2016:

	Gangvirði	Kostnaðarvirði	Samtals
Skuldabréf með ríkisábyrgð .....	96.795	160.230	257.026
Skuldabréf sveitarfélaga .....	36.123	0	36.123
Skuldabréf lánastofnana .....	33.549	0	33.549
Skuldabréf fyrirtækja .....	0	97.675	97.675
Veðlán sjóðfélaga .....	0	1.637	1.637
	<u>166.467</u>	<u>259.542</u>	<u>426.010</u>

### 7. Fjárfestingargjöld

Árið 2017	Bein fjárfest. gjöld	Áætluð fjárfest. gjöld	Fjárfest. gjöld samtals	Heildareign í sjóðum að meðaltali á árinu	Hlutfall gjalda	fjárfest. alls af meðaleign
<b>Umsýsluþóknar:</b>						
Vegna innlendra verðbréfasjóða .....	0	0	0	0		
Vegna innlendra fjárfestingarsjóða .....	3	11.858	11.861	638.939		1,9%
Vegna innlendra fagfjárfestasjóða .....	0	7.820	7.820	1.476.335		0,5%
Vegna erlendra verðbréfasjóða .....	0	0	0	0		
Vegna annarra erlendra sjóða um sameiginlega fjárfestingu .....	0	0	0	0		
Kaup- og sölupókn. vegna verðbréfavíðskipta .....	2.737	0	2.737			
Vörsluþóknar .....	1.116	0	1.116			
Umsýsluþóknar vegna útvistunar eignastýringar .....	0	0	0			
Önnur fjárfestingargjöld .....	0	0	0			
Fjárfestingargjöld samtals .....	<u>3.856</u>	<u>19.678</u>	<u>23.534</u>			
<b>Árið 2016</b>						
<b>Umsýsluþóknar:</b>						
Vegna innlendra verðbréfasjóða .....	0	1.173	1.173	103.972		1,1%
Vegna innlendra fjárfestingarsjóða .....	2	3.978	3.980	811.867		0,5%
Vegna innlendra fagfjárfestasjóða .....	0	8.765	8.765	574.814		1,5%
Vegna erlendra verðbréfasjóða .....	0	0	0	0		
Vegna annarra erlendra sjóða um sameiginlega fjárfestingu .....	0	0	0	0		
Kaup- og sölupókn. vegna verðbréfavíðskipta .....	1.573	0	1.573			
Vörsluþóknar .....	1.103	0	1.103			
Umsýsluþóknar vegna útvistunar eignastýringar .....	0	0	0			
Önnur fjárfestingargjöld .....	0	0	0			
Fjárfestingargjöld samtals .....	<u>2.678</u>	<u>13.916</u>	<u>16.594</u>			

Kaup- og sölupóknar vegna verðbréfavíðskipta eru inni í hreinum tekjum viðkomandi verðbréfa og þar með eignaflokks.

## 8. Rekstrarkostnaður

### 8.1 Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður:

	2017	2016
Laun og launatengd gjöld.....	1.864	1.601
Endurskoðun .....	2.359	2.884
Innri endurskoðun.....	1.875	805
Tryggingafræðileg aðstoð.....	1.464	1.241
Fjármálaeftirlitið.....	4.796	2.599
Önnur aðkeypt þjónusta.....	0	186
Rekstrarþóknun.....	22.695	20.723
Annar kostnaður.....	565	450
	35.618	30.490

### 8.2 Laun og launatengd gjöld:

	2017	2016
Laun stjórnar og endurskoðunarnefndar.....	1.607	1.380
Launatengd gjöld .....	258	221
	1.864	1.601
Stöðugildi að meðaltali.....	0	0

### 8.3 Laun stjórnarmanna og endurskoðunarnefndar:

	2017	2016
Laun stjórnar:		
Arna Jakobína Björnsdóttir .....	158	150
Eiríkur Björn Björgvinsson, formaður.....	315	300
Eva Hrund Einarsdóttir.....	0	30
Gunnar Gíslason.....	158	150
Hanna Rósa Sveinsdóttir.....	158	150
Sigríður Huld Jónsdóttir.....	158	150
Laun endurskoðunarnefndar:		
Arna Jakobína Björnsdóttir .....	221	150
Fjóra Björk Jónsdóttir.....	221	150
Gunnar Gíslason.....	221	150
	1.607	1.380

### 8.4 Þóknanir til ytri endurskoðenda sjóðsins:

	2017	2016
Þóknun fyrir endurskoðun.....	2.359	2.884

### 8.5 Þóknanir til innri endurskoðenda sjóðsins:

	2017	2016
Þóknun fyrir innri endurskoðun.....	1.875	805

### 8.6 Þóknanir til tryggingastærðfræðings sjóðsins:

	2017	2016
Þóknun fyrir útreikninga á tryggingafræðilegri stöðu.....	1.141	918
Önnur þjónusta.....	323	323
	1.464	1.241

# Skýringar

## 9. Eignarhlutir í félögum og sjóðum

	31.12.2017	31.12.2016
Eignarhlutir í innlendum hlutafélögum.....	1.079.966	1.334.302
Hlutdeildarskírteini í erlendum sjóðum.....	592.464	0
Hlutdeildarskírteini í innlendum sjóðum .....	1.769.722	1.457.063
	<u>3.442.151</u>	<u>2.791.365</u>

### Eignarhlutir í innlendum félögum greinast þannig:

	Hlutdeild	31.12.2017	31.12.2016
Skráð félög:			
EIK fasteignafélag hf.....	0,16%	54.774	57.459
Eimskipafélag Íslands hf.....	0,15%	74.649	96.105
Fjarskipti hf.....	0,15%	29.908	22.497
HB Grandi hf.....	0,11%	71.050	52.780
Hagar hf.....	0,22%	91.163	99.900
Icelandair Group hf.....	0,16%	115.768	181.797
Marel hf.....	0,03%	68.799	281.637
N1 hf.....	0,16%	46.445	52.556
Reginn hf.....	0,16%	63.612	64.976
Reitir fasteignafélag hf.....	0,16%	100.620	109.395
Síminn hf.....	0,15%	60.019	45.542
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.....	0,17%	41.125	37.500
Tryggingarmiðstöðin hf.....	0,16%	36.516	30.944
Vátryggingafélag Íslands hf.....	0,16%	42.621	33.190
		<u>897.067</u>	<u>1.166.278</u>
Óskráð félög:			
Íslensk verðbréf hf.....	9,99%	127.727	127.727
MF1 slhf.....	2,50%	55.173	40.288
Gamli Byr ehf.....	0,25%	0	10
		<u>182.900</u>	<u>168.024</u>
<b>Eignarhlutir í innlendum félögum alls.....</b>		<u>1.079.966</u>	<u>1.334.302</u>
<b>Hlutabréfaeign alls .....</b>		<u>1.079.966</u>	<u>1.334.302</u>

### Hlutdeildarskírteini greinast þannig:

	31.12.2017	31.12.2016
Innlendir sjóðir greinast þannig:		
Alda hlutabréf .....	313	195.995
Gamma Equity Fund .....	277.599	422.507
Gamma Icelandic Fixed Income Fund.....	224.119	194.217
Gamma Liquid Fund.....	25.996	0
Hlutabréfavísitölusjóður ÍV.....	186.044	0
Júpiter - Innlend hlutabréf .....	400.049	102.438
Landsbréf - Veðskuldabréfasjóður .....	67.020	29.368
Landsbréf - Veltubréf .....	0	256.804
Skammtímasjóður ÍV .....	539.230	97.176
Stefnir - Lausafjár sjóður .....	0	113.669
Veðskuldabréfasjóður ÍV.....	49.352	44.888
Hlutdeildarskírteini í innlendum sjóðum alls.....	<u>1.769.722</u>	<u>1.457.063</u>

### Erlendir sjóðir greinast þannig:

iShares MSCI ACWI UCITS ETF USD.....	592.464	0
Hlutdeildarskírteini í erlendum sjóðum alls .....	<u>592.464</u>	<u>0</u>

<b>Eignarhlutir í félögum og sjóðum alls .....</b>	<u>3.442.151</u>	<u>2.791.365</u>
--	------------------	------------------

### Eignarhlutir í félögum og sjóðum flokkaðir eftir matsaðferðum:

	31.12.2017	31.12.2016
Eignarhlutir og sjóðir á gangvirði - stig 1 .....	3.209.900	2.110.802
Eignarhlutir og sjóðir á metnu gangvirði - stig 2 .....	232.251	680.552
Eignarhlutir og sjóðir á metnu gangvirði - stig 3 .....	0	10
	<u>3.442.151</u>	<u>2.791.365</u>



## Skýringar

### 10. Skuldabréf

	31.12.2017	31.12.2016
Skuldabréf með ríkisábyrgð:		
Húsbref.....	3.310	4.382
Íbúðabréf.....	851.238	1.083.631
Ríkisbref.....	650.275	698.847
Önnur skuldabréf með ríkisábyrgð .....	3.097.470	3.232.448
	<u>4.602.293</u>	<u>5.019.307</u>
Skuldabréf sveitarfélaga .....	763.321	768.115
Skuldabréf lánastofnana .....	1.397.439	372.614
Skuldabréf fyrirtækja .....	1.250.301	1.267.603
Veðlán sjóðfélaga.....	17.044	21.604
Niðurfærslur skuldabréfa.....	(5.065)	(66.160)
Skuldabréf alls .....	<u>8.025.332</u>	<u>7.383.083</u>
<b>Skuldabréf flokkuð eftir matsaðferðum:</b>		
<b>Skuldabréf á gangvirði:</b>		
Skuldabréf á gangvirði - stig 1 .....	3.282.735	2.101.285
Skuldabréf á metnu gangvirði - stig 2 .....	380.506	772.497
Skuldabréf á metnu gangvirði - stig 3 .....	3.509	2.768
	<u>3.666.751</u>	<u>2.876.550</u>
<b>Skuldabréf haldið til gjalddaga:</b>		
Ríkisskuldabréf.....	3.097.470	3.232.448
Skuldabréf fyrirtækja .....	1.244.136	1.252.697
Veðlán sjóðfélaga.....	16.976	21.388
Skuldabréf haldið til gjalddaga alls.....	<u>4.358.582</u>	<u>4.506.533</u>
<b>Skuldabréf samtals.....</b>	<u>8.025.332</u>	<u>7.383.083</u>
Áætlað gangvirði þeirra framangreindra skuldabréfa sem haldið er til gjalddaga.....	4.716.197	4.821.897

### 11. Niðurfærsla skuldabréfa

Niðurfærsla í ársbyrjun .....	66.160	215.508
Afskrifað tapað og fært út á árinu .....	(53.268)	(149.272)
Breyting niðurfærslu á árinu.....	(7.827)	(76)
	<u>5.065</u>	<u>66.160</u>

Verðbréf eru færð niður í efnahagsreikningi vegna óvissu um innheimtu. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftareikningur til að mæta þeim krófum sem kunna að tapast.

### 12. Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

	Í íslenskum krónum	Í erlendum gjaldmiðlum	Samtals
Árið 2017			
Eignarhlutir í félögum og sjóðum.....	2.849.688	592.464	3.442.151
Skuldabréf.....	8.025.332	0	8.025.332
	<u>10.875.020</u>	<u>592.464</u>	<u>11.467.484</u>
Hlutfallsleg skipting .....	95%	5%	100%
Árið 2016			
Eignarhlutir í félögum og sjóðum.....	2.791.365	0	2.791.365
Skuldabréf.....	7.383.083	0	7.383.083
	<u>10.174.448</u>	<u>0</u>	<u>10.174.448</u>
Hlutfallsleg skipting .....	100%	0%	100%

## 13. Lífeyrisskuldbindingar

Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum lífeyrissjóðsins:

Samkvæmt niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar á stöðu sjóðsins í árslok 2017 miðað við 2% ársvexti umfram laun þá vantar sjóðinn 6.822 milljónir króna til að mæta áföllnum skuldbindingum eða 38% af skuldbindingum. Heildarskuldbindingar umfram eignir eru 7.473 milljónir króna eða 39% af skuldbindingum. Tryggingafræðileg staða sjóðsins batnaði um 316 milljónir króna á árinu 2017. Vísað er í áritun tryggingastærðfræðings vegna frekari forsendna við matið.

Eignir	31.12.2017	31.12.2016
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjors í árslok.....	11.601.200	10.389.900
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjors í ársbyrjun.....	10.389.900	10.400.300
Hækkun/lækkun endurmetinnar eignar á árinu.....	1.211.300	(10.400)
<b>Skuldbindingar</b>		
Skuldbindingar í árslok.....	19.073.900	18.178.700
Skuldbindingar í ársbyrjun.....	18.178.700	16.952.200
Hækkun/lækkun skuldbindinga á árinu.....	895.200	1.226.500
<b>Breyting á tryggingafræðilegri stöðu á árinu.....</b>	<b>316.100</b>	<b>-1.236.900</b>
<b>Yfirlit um breytingar á áföllnum lífeyrisskuldbindingum árið 2017</b>		
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í ársbyrjun.....	17.196.600	15.938.200
Hækkun lífeyrisskuldbindinga vegna vaxta og verðbóta.....	1.533.200	1.797.400
Hækkun áunninna réttinda vegna iðgjalda ársins.....	129.200	144.100
Lækkun vegna greidds lífeyris á árinu.....	-784.000	-719.300
Hækkun vegna nýrra tafna um lífslíkur.....	0	214.000
Hækkun/lækkun vegna annarra breytinga.....	10.300	-177.800
<b>Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í árslok</b>	<b>18.085.300</b>	<b>17.196.600</b>

Þann 26. október 2017 var undirritaður samningur milli ríkissjóðs og Akureyrarkaupstaðar um uppgjör lífeyrisskuldbindinga í lífeyrissjóð starfsmanna Akureyrarbæjar vegna Öldrunarheimila Akureyrarbæjar. Samningurinn felur m.a. í sér að ríkissjóður greiddi upp 97% og Akureyrarkaupstaður 3% af áföllnum lífeyrisskuldbindingum Öldrunarheimila í A-deild lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar m.v. 31. maí 2017. Framangreindar greiðslur námu samtals 1.351 milljón voru greiddar til sjóðsins í desember. Auk þess greiðir ríkissjóður iðgjald umfram lögbindið iðgjald til þess að mæta framtíðarskuldbindingum vegna starfsmanna Öldrunarheimila sem eiga aðild að A-deild lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar.

## 14. Aðrar skuldir

	31.12.2017	31.12.2016
Ógreiddur kostnaður.....	12.206	11.101

## 15. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahags

Sjóðurinn hefur skuldbundið sig til þátttöku í innlendum fagfjárfestisjóðum. Greiðslur vegna skuldbindinganna geta að hámarki numið 85 milljónum króna. Á móti koma endurgreiðslur frá sjóðunum þegar fjárfestingarnar greiðast upp.

## 16. Áhættuþættir í starfsemi og áhættustýring

### 16.1 Áhættustefna, skipulag og markmið áhættustýringar

Í daglegri starfsemi sinni sem lífeyrissjóður stendur sjóðurinn frammi fyrir ýmsum tegundum áhættu. Stjórnendur sjóðsins bera ábyrgð á að gera sér grein fyrir þeim áhættuþáttum sem fylgja starfseminni og að fullnægjandi áhættustýring sé ávallt til staðar. Til að mæta þessari kröfu hefur sjóðurinn mótað sérstaka áhættustefnu og áhættustýringarstefnu, þar sem áhætta er skilgreind, helstu áhættuþáttum lýst og gerð grein fyrir skipulagi og framkvæmd áhættustýringar. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á því að móta og samþykkja áhættustefnu og sjá til þess að virk áhættustýring sé til staðar hjá sjóðnum, sem tekur til allrar starfsemi hans. Áhættustýring skal innihalda skilvirka ferla og vinnulag. Hún þarf einnig að tryggja að framkvæmda- og áhættustjóri fylgist með því að þessir ferlar séu fullnægjandi og verklag sé skilvirkt. Hluti af áhættustefnu er áhættuáætlun sem sett er upp í fjárfestingarstefnu sjóðsins, þar er áhættuþol sjóðsins metið og töluleg markmið sett um áhættu og hvernig takmörk um áhættu eru nýtt í einstökum flokkum eigna. Í áhættustefnu er hins vegar fjallað um hvernig áhætta er metin og hvernig fylgst er með að áhættuviðmiði séu haldin og hvernig eftirliti er háttað. Lagt er mat á mikilvægi áhættuflokka, eftirlitsaðgerðir eru skilgreindar og sett fram dagskrá áhættustýringar, þar sem eftirlitsaðgerðir eru tímasettar, hver ber ábyrgð og hvaða skýrslum skuli skilað. Stjórn er skilað reglulegum skýrslum um framkvæmd áhættustýringar auk skýrslna um hlítingu við lög, reglur og stefnu sjóðsins. Fjárfestingum og raunar allri starfsemi fylgir áhætta. Til að ná markmiðum sínum þarf sjóðurinn að taka áhættu. Áhættustýring felst í því að stýra áhættu þannig að hún verði innan þeirra marka sem starfseminni hefur verið sett.

### 16.2 Helstu flokkar áhættu í starfsemi sjóðsins

Flokka má áhættu í starfsemi sjóðsins í marga flokka. Hér fyrir neðan er gerð grein fyrir helstu áhættuflokkum, en undir hverjum og einum flokki eru margir undirflokkar áhættu sem fylgst er með.

## 16. Áhættuþættir í starfsemi og áhættustýring (framhald)

### Lífeyrstryggingaráhætta:

Með lífeyrstryggingaráhættu er átt við hættuna á því að skuldbindingar sjóðsins vaxi umfram eignir og að skerða þurfi réttindi sjóðfélaga eða hún leiði til verulega aukinnar byrðar ábyrgðaraðila. Helstu áhættuþættir í þessum flokki eru skerðingaráhætta og lýðfræðileg áhætta, en einnig má nefna iðgjaldaáhættu og lausafjáráhættu. Skerðingaráhætta er hættan á því að skerða þurfi lífeyrisréttindi sjóðfélaga. Lýðfræðileg áhætta er hættan á að lýðfræðilegar forsendur sem notaðar eru við mátt á lífeyrisloforðum sjóðsins breytist á þann veg að skuldbindingar hans hækki umfram áætlanir. Þar sem Akureyrarbær ábyrgist skuldbindingar sjóðsins er lífeyrstryggingaráhætta, bæði skerðingaráhætta og áhætta vegna vanmats á lýðfræðilegum forsendum metin óveruleg fyrir sjóðfélaga. Verulega vantar upp á að sjóðurinn eigi eignir til að mæta skuldbindingum og því er lífeyrstryggingaráhætta veruleg fyrir ábyrgðaraðilann. Fylgst er með lífeyrstryggingaráhættu með árlegu tryggingafræðilegu mati, sem tryggingastærðfræðingur sjóðsins framkvæmir. Lausafjáráhætta er fólgin í hættunni á að sjóðurinn eigi ekki laust fé til að standa straum af lífeyrisgreiðslum og rekstri. Hluti af lausafjáráhættu er seljanleikaáhætta eigna, þ.e. hversu auðvelt er að breyta eignum í laust fé. Til að mæta lausafjáráhættu hefur sjóðurinn sett sér það markmið að eiga á hverjum tíma laust fé til að mæta a.m.k. 2 mánaða útgjöldum vegna lífeyris og rekstrar.

### Mótaðilaáhætta:

Mótaðilaáhætta er hættan á að mótaðilar eða milliliðir í viðskiptum, t.d. útgefendur skuldabréfa, sjóðfélagar, fyrirtæki og uppgjörshús, standi ekki í skilum (t.d. vegna gjaldþrots) eða að hæfni þeirra til greiðslu versni verulega, bæði vegna útlána og kaupa á fjármálagerningum á markaði. Samþjöppunar- og landsáhætta fellur undir mótaðilaáhættu, enda felur hún í sér hættuna á að margir mótaðilar lendi samtímis í vanefndum. Mótaðilaáhætta er metin bæði áður en viðskipti eiga sér stað og síðan í eftirfylgni með vörslu, endurgreiðslu og uppgjöri á fjármálagerningum. Mótaðilaáhætta þ.m.t. útlánaáhætta er stýrt með áreiðanleikakönnunum og lánsþæfismati á mótaðilum, mörkum sem sett eru um kröfur á einstaka aðila eða skylda aðila í eignasafni sjóðsins, reglubundinni skýrslugjöf frá mótaðilum og mati á fjárhagstyrk þeirra, eftirfylgni með skilum og innheimtuaðgerðum, auk reglna um áhættuflokkun viðskiptamanna og varúðarniðurfærslur. Gerð er grein fyrir þróun mótaðilaáhættu í reglubundinni skýrslugjöf til stjórnar.

### Fjárhagsleg áhætta:

Með fjárhagslegri áhættu er átt við hættuna á því að fjárhagslegar eignir sjóðsins rýrni í verði og að tekjur af þeim verði lakari en væntingar stóðu til. Sjóðurinn er fyrst og fremst markaðsfjárfestir og eignir hans eru háðar sveiflum á fjármálamörkuðum. Fjárhagsleg áhætta markast af þeim eignaflokkum sem sjóðurinn fjárfestir í og hvernig eignasafn hans er saman sett.

Fjárhagsleg áhætta (markaðsáhætta) lýtur fyrst og fremst að fjárhagslegum atriðum í starfsemi sjóðsins, þ.e. hættu á fjárhagslegu tapi vegna breytinga á markaðsvirði liða innan og utan efnahagsreiknings, þar á meðal vegna breytinga á vöxtum, uppgreiðslu- og endurfjárfestingaráhættu, gengi gjaldmiðla, verðbólgu og breytinga á virði fjáreigna. Þessi áhætta getur leitt til neikvæðra áhrifa á rekstur og/eða efnahag, bæði vegna aðgerða eða atburða innan sjóðsins eða utan hans. Neikvæð áhrif á rekstur og efnahag geta dregið úr möguleikum lífeyrissjóðsins til að framfylgja stefnu og ná markmiðum sínum. Fjárhagslegri áhættu er fyrst og fremst stýrt með því að fjárfesta í mismunandi flokkum eigna, sem hegða sér misjafnlega við mismunandi markaðsaðstæður, og dreifa þannig áhættu. Í fjárfestingastefnu sjóðsins eru fjölmörg ákvæði sem sett eru í þeim tilgangi að stýra áhættu. Þar eru sett markmið um eignasamsetningu, ákvarðaðar viðmiðunarvísitölur sem tekið er mið af við stýringu eigna og vikið sett um frávik frá viðmiði. Sett er fram sérstök áhættuáætlun, þar sem tilgreind eru markmið áhættu, mæld sem staðalfrávik ávöxtunar, og hvernig það er útfært niður á einstaka eignaflokka, markmið um hermiskekkju, vágildi (VaR) og fleiri áhættumælikvarða. Mælingar á markaðsáhættu er gerðar með reglulegu millibili og skilar áhættustjóri reglubundnum skýrslum til stjórnar um það efni. Brugðist er við með breytingum á eignasamsetningu þróist þessir mælikvarðar á þann veg að hætta sé á að áhætta fari út fyrir markmiðsáhættu sjóðsins.

### Rekstraráhætta:

Rekstraráhætta lýtur fyrst og fremst að starfsemi lífeyrissjóðsins. Starfsemin skal lúta þeim reglum sem um hann eru settar í lögum, reglugerðum, eigin samþykktum og reglum sjóðsins. Stefnir skal að sem mestri hagkvæmni í rekstri þannig að sem mestar líkur séu á að sjóðurinn nái markmiðum sínum. Sjóðnum skal stjórnað með heiðarleika, ráðvæðni og góða starfshætti að leiðarljósi. Rekstrar- og umhverfisáhætta er að jafnaði skilgreind sem hættan á tjóni sem rekja má til ófullnægjandi eða ónothæfra innri verkferla, starfsmanna, sviksemi, orðspors, upplýsingakerfa eða til ytri atburða. LSA hefur ekki eigin starfsmenn. Stapi lífeyrissjóður sér um rekstur LSA í samræmi við samning sjóðanna. Samningurinn innifelur að skipurit Stapa og allt skipulag gildir einnig fyrir starfsemi LSA, eftir því sem við getur átt, þ.m.t. verkefni og valdheimildir framkvæmdastjóra, áhættustjóra, fjárfestingaráðs og lífeyrisnefndar. Til að stýra rekstraráhættu hefur sjóðurinn sett sér margvíslegar reglur sem gilda um starfsemi hans, þ.m.t. starfsreglur stjórnar, siðareglur, verklagsreglur um verðbrefaviðskipti, reglur um upplýsingagjöf til stjórnar og ítarlegar reglur um heimildir til fjárfestinga auk þess sem starfslýsingar, verkferlar, reglur og eftirlitsaðgerðir í starfsemi Stapa gilda einnig um starfsemi LSA, eftir því sem við getur átt. Í skipulagi eru sett skýr starfs- og ábyrgðarsvið, aðgreining starfa rekstraraðila er afmörkuð með ítarlegum starfslýsingum og verkferlum. Reglubundin fundahöld eru með starfsmönnum, þ.m.t. starfsmannasamtöl, rekstraraðili hefur sérstaka starfsdaga þar sem farið er yfir öll svið starfseminnar og boðið upp á þjálfun og námskeiðahald. Rekstraraðili leggur áherslu á góðan og jákvæðan starfsanda, að hann sé eftirsóknarverður vinnustaður, boðleiðir séu stuttar og að strax sé brugðist við vandamálum sem lúta að starfsmönnum og velferð þeirra. Beitt er virku innra eftirliti og gerðar eru margháttaðar kannanir á öllum helstu þáttum í starfsemi sjóðsins og er niðurstöðum slíkra kannana skilað til endurskoðunarnefndar og stjórnar sjóðsins.

### 16.3 Næmnigreining áhættuþátta:

Í töflunni hér fyrir neðan er reynt að meta hvaða áhrif möguleg áföll geta haft á efnahag og afkomu sjóðsins. Settir eru upp þrjú möguleikar með stigavaxandi breytingum vegna hvers áhættuþátta sem tiltekinn er og sýnt hvaða áhrif breytingin hefur á afkomu og efnahag sjóðsins. Um er að ræða "hvað-ef" aðferðafræði, þar sem ekki er tekið tillit til innbyrðis fylgni milli áhættuþátta. Áfallastigum er skipt niður í hóflegt, miðlungs og mikið áfall og er sýnd magnbreyting á hverju stigi. Gerð er grein fyrir hverjum áhættuþætti í tveimur línum. Fyrri línan sýnir breytingu á áhættuþætti og sú síðari áhrif breytingarinnar á sjóðinn:

Áhættuþáttur /stærð efnahagsáfalls	Hóflegt	Miðlungs	Mikið
Vaxtahækkun á innlendum markaði	0,5%	1,0%	2,0%
Afkoma sjóðsins, vegna vaxtahækkunar	-1,0%	-1,9%	-3,8%
Styrking krónu, bæði gagnvart USD og EUR	5,0%	10,0%	20,0%
Afkoma sjóðsins, vegna styrkingar krónu	-0,2%	-0,5%	-1,0%
Hlutabréf lækka, bæði innlend og erlend	5,0%	10,0%	20,0%
Afkoma sjóðsins, vegna lækkunar hlutabréfa	-1,0%	-2,1%	-4,2%
Tap vegna skuldaraáhættu í safni annarra markaðsskuldabréfa	5,0%	10,0%	20,0%
Afkoma sjóðsins, vegna afskrifta á öðrum markaðsskuldabréfum	-1,3%	-2,6%	-5,2%

# Skýringar

## Kennitölur

	2017	2016	2015	2014	2013
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar .....	-39,2%	-42,9%	-38,6%	-37,4%	-36,2%
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar .....	-37,7%	-41,7%	-37,0%	-34,8%	-33,5%
Hrein raunávöxtun.....	3,44%	2,25%	9,00%	4,66%	7,15%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. 5 ár .....	5,27%	5,19%	5,33%	4,20%	3,89%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar s.l. 10 ár .....	3,80%	3,86%	4,34%	4,44%	5,01%
Hlutfallsleg skipting fjárfestingar:					
Skráðir eignarhlutir í félögum og sjóðum .....	25,5%	23,1%	22,6%	16,8%	10,5%
Skráð skuldabréf .....	62,2%	63,7%	64,7%	70,9%	79,0%
Óskráðir eignarhlutir í félögum og sjóðum .....	4,6%	4,3%	3,6%	2,2%	0,0%
Óskráð skuldabréf .....	7,8%	8,9%	9,2%	10,1%	10,0%
Bundnar bankainnstæður .....	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum:					
Eignir í íslenskum krónum .....	95%	100%	100%	100%	100%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum .....	5%	0%	0%	0%	0%
Fjöldi virkra sjóðfélaga: .....	87	97	107	117	125
Fjöldi sjóðfélaga í árslok: .....	2293	2291	2317	2341	2353
Fjöldi lífeyrisþega: .....	553	514	483	462	436
Hlutfallsleg skipting lífeyris:					
Ellilífeyrir .....	82,3%	82,3%	80,0%	77,9%	76,6%
Örorkulífeyrir .....	3,6%	3,6%	4,9%	5,2%	4,6%
Makalífeyrir .....	14,1%	14,1%	15,1%	16,9%	18,7%
Barnalífeyrir .....	0,1%	0,1%	0,0%	0,0%	0,1%
Stöðugildi: .....	0	0	0	0	0
Iðgjöld alls (á föstu verðlagi) .....	1.728.522	338.418	288.091	271.675	257.157
Lífeyrir alls (á föstu verðlagi) .....	751.797	694.527	606.798	565.629	526.770
Hreinar fjárfestingartekjur alls (á föstu verðlagi) .....	606.599	485.390	1.124.555	585.634	1.011.491
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður alls (á föstu verðlagi) .....	35.618	31.019	30.088	26.816	25.797
Hækkun (lækkun) á hreinni eign (á föstu verðlagi) .....	1.547.707	98.340	783.889	263.380	716.081
Lífeyrisbyrði .....	43%	205%	211%	208%	205%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (alls) í % af iðgjöldum	2,1%	9,2%	10,4%	9,9%	10,0%
Hreinar fjárfestingartekjur í % af meðalstöðu eigna	5,8%	4,6%	11,3%	5,8%	10,2%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður í % af meðalstöðu eigna	0,32%	0,29%	0,29%	0,27%	0,27%

# Viðauki 1: Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar telst til eininga tengdum almannahagsmunum, sbr. lög nr. 3/2006 um ársreikninga og getur því í skýrslu stjórnar upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif sjóðsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál í samræmi við gr. 66. d sömu laga. Jafnframt er gert grein fyrir stefnu sjóðsins í mannréttindamálum og hvernig félagið spornar við spillingar- og mútumálum.

## Viðskiptalíkan

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykka sjóðsins. Stapi lífeyrissjóður sér um rekstur Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar í samræmi við samning milli sjóðanna þar um. Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar starfar skv. lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum. Fjármálaráðherra veitir sjóðnum starfsleyfi og Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerðir sem settar eru skv. þeim og staðfestar samþykktir sjóðsins. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir sínar. Þannig móttekur sjóðurinn iðgjöld sjóðfélaga, ávaxtar þau og greiðir út elli-, örorku-, maka- og barnalífeyri.

## Stefna sjóðsins í samfélagsmálum

Samkvæmt rekstrarsamningi sjóðsins við Stapa lífeyrissjóð eiga reglur Stapa við þar sem Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar hefur ekki sett sér sérstakar reglur. Í því skyni að stuðla að góðum stjórnarháttum og m.a. sporna við spillingar- og mútumálum í tengslum við starfsemi sjóðsins er m.a. byggt á eftirfarandi:

- Starfsreglur stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar, samþykktar af stjórn í mars 2016
- Verklagsreglur Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar um viðskipti stjórnarmanna og starfsmanna með fjármálagerninga, samþykktar af stjórn í september 2016
- Siðareglur fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna Akureyrarbæjar, samþykktar af stjórn LSA í mars 2016
- Reglur fyrir Fjárfestingaráð Stapa lífeyrissjóðs, samþykktar af stjórn Stapa í mars 2016
- Reglur Stapa lífeyrissjóðs um heimildir stafsmanna og áritanir, samþykktar af stjórn Stapa í september 2013
- Reglur um upplýsingagjöf til stjórnar, samþykktar af stjórn LSA í maí 2013
- Reglur um frávikaskrár, samþykktar af stjórn Stapa í febrúar 2009
- Reglur Stapa lífeyrissjóðs um varnir gegn peningabætti, samþykktar af stjórn Stapa í júní 2017
- Fjárfestingaferill, samþykktur í stjórn Stapa í maí 2016
- Ferli vegna bókhalds, samþykkt í stjórn Staoa í júní 2017
- Ferli við skráningu iðgjalda og greiðslna, samþykkt í stjórn Stapa í nóvember 2017
- Verklagsreglur um lykilstarfsmenn, samþykktar í stjórn Stapa í september 2012
- Áhættustefna, samþykkt í stjórn LSA í maí 2017
- Leiðbeiningar og stefnumið um stjórnarhætti, fyrirsvar og félagslega ábyrgar fjárfestingar, samþykktar í stjórn Stapa í nóvember 2015
- Starfsmannastefna, samþykkt í stjórn Stapa í janúar 2018

Sjóðurinn er ekki aðili að reglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (e. UN Principles for Responsible Investments) en notar m.a. slíkar reglur til að meta hegðun fyrirtækja sem sjóðurinn fjárfestir í m.t.t. samfélagslegra þátta.

Í reglum sjóðsins, fjárfestingastefnu, áhættustefnu og reglubundnum skýrslum til stjórnar sjóðsins er fjallað með skipulegum hætti um ýmsa áhættuþætti í rekstri sjóðsins. Þá innihélt fjárfestingastefna sjóðsins vegna ársins 2018 umfjöllun um siðferðisleg viðmið í fjárfestingum sjóðsins í fyrsta skipti.

## Starfsmannamál

Skv. rekstrarsamningi sjóðsins við Stapa starfar enginn starfsmaður fyrir sjóðinn heldur nýtir hann starfskrafta starfsmanna Stapa. Nýlega samþykkti stjórn Stapa fyrstu starfsmannastefnu sjóðsins. Þar kemur fram að Stapi leggi áherslu á starfsánægju, gott starfsumhverfi, markvissa fræðslu og þjálfun. Stefnan tiltekur einnig að starfsmenn sjóðsins eru metnir að verðleikum, óháð kynferði, aldri, þjóðerni eða trú. Það er markmið sjóðsins að allir starfsmenn njóti sömu virðingar og hafi jöfn tækifæri til starfa, launa, umbunar, starfsþjálfunar og aðstöðu.

Stapi leitast við að hafa starfsumhverfi, tæki og aðbúnað með bestum hætti á hverjum tíma og tryggja öryggi starfsfólks í vinnu. Sjóðurinn metur reglulega þörf á endurnýjun búnaðar og aðstöðu starfsfólks. Stefna Stapa er að stuðla að heilsusamlegu lífverni starfsfólks, bæði andlegu og líkamlegu og styrkir starfsfólk til líkamsræktar með fjárfraumlagi.

Í desember sl. framkvæmdi sjóðurinn starfsánægjukönnun til að fylgja eftir framkvæmd starfsmannastefnu og ákvarða áherslur í starfsmannamálum. Stefnt er að því að endurtaka starfsánægjukönnunina með reglulegu millibili til að eiga kost á því að grípa inn í óheillavænlega þróun á upplifun starfsmanna af vinnustað sínum.

## Umhverfismál

Sjóðurinn hefur tekið í notkun miðlægan aðgangsstýrða prentlausn með það að markmiði að draga úr pappírnotkun sjóðsins. Þá miðar sjóðurinn að því að koma raftækjum sem ekki eru lengur í notkun sjóðsins í endurnýtingu eða endurvinnslu. Lögð er áhersla á að lágmarka og flokka úrgang sem fellur til í starfsemi sjóðsins.